

17

15. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á meðan visitala kauplagnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt visitölu kauplagnefndar.

## 2. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skyllt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskyllt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusmi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og koma ákvæði 1. gr. þegar til framkvæmda við innheimtu útsvara, álagðra á árinu 1942.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*